



Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 27. október 2025
MSS25080057

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um Evrópustyrki

Á fundi borgarráðs þann 21.ágúst 2025 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska yfirlits yfir alla þá styrki og fjárhæðir þeirra, sem Reykjavíkurborg hefur þegið á síðustu 10 árum frá Evrópusambandinu eða eftir atvikum öðrum Evrópustofnunum.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 27.ágúst 2025.

Svar við fyrirspurn:

Þann 16. janúar sl. var haldin kynning um málið fyrir borgarráði (fundur 5769). Eftirfarandi svar kann því að vera endurtekning á einhverjum efnisatriðum kynningarinnar.

Síðastliðið ár hefur rannsóknþjónustan á SBB kallað eftir upplýsingum um erlenda styrki hjá fagsviðum borgarinnar með það að markmiði að samræma skráningu og verkferla. Eftirfarandi samantekt sýnir fjölda verkefna og upphæðir eftir sviðum. Um er að ræða styrki frá ESB, Norrænu ráðherranefndinni, Evrópska efnahagssvæðinu (EEA), Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og bandarískra sjóði. Fjárveitingar s.s. boð til borgarstjóra eða annarra stjórnenda til þátttöku í metnaðarfullum ráðstefnum, fundum og námskeiðum eru ekki tekin með.

Heildarupphæð erlendra styrkja árin 2015-2025 er **rúmlega 1,6 milljarður króna** (verkefni í gangi og lokið). Utanumhald styrkja hjá núverandi og þáverandi fagsviðum hefur hinsvegar verið með ýmsu móti sl. 10 ár og má telja líklegt að raunupphæðir séu umtalsvert hærri.

Svið	Umsóknir 2025 (óstaðfest)		Verkefni í gangi		Verkefnum lokið		Samtals m.kr
	fjöldi	m.kr	fjöldi	m.kr	fjöldi	m.kr	
SBB	0	0,0	1	72,0	5	170,4	242,4
MAR	0	0,0	1	7,6	2	5,0	12,7
MÍR	0	0,0	0	0,0	23*	20,4	20,4
USK	6	464,0	4	224,7	10	36,6	592,6
SFS	0*	0,0	22	142,5	105	442,7	585,1



VEL	0	0,0	1	46,0	13	128,0	174,0
ÞON	0	0,0	0	0,0	23	305,7	355,7
Samtals	6	464,0	29	492,8	181	1,108,9	1,983,1

Upphæðir eru námundaðar í ISK og ekki uppreiknaðar frá styrkveitingu. MÍR*: uppl. vantar um fjölda annarra eldri verkefna. SFS*: upphæðir Erasmus+ umsókna 2025 verða staðfestar við styrkveitingu.

Nánar um niðurstöðurnar

1. Umsóknir 2025

SFS sækir um fjölda Erasmus+ styrkja á hverju ári en styrkuppahæðir eru ekki staðfestar fyrr en við styrkveitingu. Fyrir SFS umsóknir á árinu, hefur USK sótt um átta styrki; þrjár umsóknir fengu ekki brautargengi þrátt fyrir góðar umsagnir og er beðið eftir viðbrögðum við sex umsóknum. Til viðbótar við SFS umsóknir, hefur borgin sótt **um rúmlega 464 milljónir króna á þessu ári.**

2. Verkefni sem hlotið hafa styrk og eru í vinnslu

Í september 2025 voru 29 verkefni í vinnslu (SFS=22, USK=4, SBB=1, VEL=1, MAR=1). Verkefni á USK eru HE-Hyceland (vetni), HE-Enabling City Transformation (loftslagsborgarsamningur), Piercing through the Gridlocks (loftslagsborgarsamningur) og LIFE-IceWATER (innleiðing Vatnaáætlunar). SBB hýsir HE verkefnið Amigos (opin svæði og virkir ferðamátar) og verkefnið Safer Queer Cities er hýst á MAR. Styrkveitingar yfirstandandi verkefna nema **um 490 milljónum króna** (dreifast á allt að 6 ár).

3. Verkefnum lokið 2015-2025

Þar sem ekki liggja fyrir tæmandi upplýsingar frá öllum sviðum borgarinnar, má gera ráð fyrir að heildarupphæð styrkja sé hærri en fram kemur í yfirlitinu. Vitað er um 181 verkefni sem lokið er og styrki fyrir **rúmlega 1,1 milljarð króna**. Flestir styrkirnir hafa verið á SFS eða um 40%, 28% á ÞON, 15% á SBB og 12% á VEL. Önnur svið hafa fengið minna en 10% af heildarupphæð styrkja.

Ávinningur af þátttöku

Reykjavíkurborg hefur á sl. 10 árum tekið þátt í fjölda verkefna sem eru/hafa verið styrkt af erlendum sjóðum. Þátttaka hefur skilað borginni verulegum **fjárhagslegum** og **faglegum** ávinningi s.s. þróun og nýsköpun, auknu aðgengi að þekkingu, miðlun þekkingar og reynslu, atvinnusköpun, starfsþjálfun og endurmenntun auk innleiðingar stefnu, áætlana og aðgerða. Samstarfsaðilar eru ýmist **íslenskir** (sbr. ESB-LIFE verkefni) eða **erlendir** s.s. evrópskar borgir, háskólar, rannsóknastofnanir og nýsköpunarfyrirtæki (sbr. ESB-Horizon verkefni). Öflugt samstarf borgarinnar við innlenda aðila og á alþjóða vettvangi er afar dýrmætt og má meta ávinninginn til **skamms tíma og lengri** þó erfitt geti verið að meta hann til fulls.

Miðlæg rannsóknarþjónusta á SBB

Reykjavíkurborg hefur í gegnum árin byggt upp hæfni til að taka þátt í stórum samstarfsverkefnum styrktum af erlendum sjóðum. Það er hinsvegar fyrst á síðustu árum sem unnið hefur verið að því að byggja upp miðlaga rannsóknarþjónustu sem hefur yfirsýn, sinnir gæðaeftirliti, markvissri sjóðasókn, samræmir ferla og veitir faglega ráðgjöf við umsóknir og rekstur verkefna. Sótt er um styrki sem styðja við stefnur og áherslur borgarinnar í ýmsum málaflokkum og miða að því að hraða innleiðingu markmiða borgarinnar, uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar og hámarka samfélagslegan ávinning. Vinsældir borgarinnar sem samstarfsaðila hafa aukist jafnt og þétt og hefur viðurkenning



Reykjavík



sem *Mission City* einnig bætt aðgengi að samkeppnisjóðum. Auk ofangreindra þátta, er val á þátttöku í umsóknum háð samþykki viðkomandi sviðstjóra og forsætisnefndar.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari